

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Ráðgjafanefnd um Friðland að Fjallabaki		Síða
Dags. fundar 11.10.23	Tími 13:00-15:00.	Staður Umhverfisstofnun, Hellu	Nr. fundar 2
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Daníel Freyr Jónsson		Málsnr.
<b>Fundarmenn:</b> Frá Umhverfisstofnun: Daníel Freyr Jónsson. Frá Ferðafélagi Íslands: Ólafur Örn Haraldsson. Frá Rangárþingi ytra: Jóhanna Hlökkversdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir			
<b>Fjarverandi:</b> Afrít sent Öllu nefndarfólki og sveitarstjórn Rangárþinga Ytra.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p><b>Farið yfir sumarið á Fjallabaki</b></p> <p>Daníel greindi frá helstu verkefnum sem Umhverfisstofnun sinnti innan Friðlands að Fjallabaki sumarið 2024.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Laugavegur málaður blár í samstarfi við FÍ. Nú er öll leiðin blá frá Landmannalaugum niður í Þórsmörk. Samhliða var Skallahringur málaður rauður. Einnig unnið að viðhaldi annarra leiða og þær stikaðar og málaðar eftir þörfum.</li> <li>- Verktaki vann að áframhaldandi endurbótum gönguleiðar í Laugahrauni. Nú eru eftir um 500 metrar niður að Grænagili og þá telst uppbyggingu Laugahringsins lokið.</li> <li>- Reist var ný göngubrú yfir Námskvísl og pallur við baðlaug í Landmannalaugum. Verkin tókust vel þó umræðan hafi farið mikið á flug. Til stóð að nota þyrlu Landhelgisgæslunnar til efnisflutninga og koma í veg fyrir akstur við framkvæmdasvæðið, en sökum bilunar þurfti að flytja efnið með vinnuvél í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Reynsla hefur komist á brúnna og þykir ljóst að hún liggur aðeins of lágt yfir ánni og hætt við að áin taki hana í miklum rigningum. UST mun hækka hana um 30-50 cm næsta sumar. Brúin hefur að mestu verið tekin niður fyrir veturinn.</li> <li>- Stikuð var ný leið upp á Suðurnám. Upphafi leiðarinnar verður svo breytt örlítið sumarið 2024 og mun þá hefjast norðan Námshrauns, á sama stað og gengið er upp á Frostastaðaháls.</li> </ul>	
2	<p><b>Framkvæmdir við Námskvísl</b></p> <p>Eiríkur Vilhelm frá Rangárþingi Ytra kom inn á fund og greindi frá stöðu mála varðandi framkvæmdir á gerð grjóttgarðs og stækkun bílastæðis við Námskvísl.</p> <p>Stefnt hafði verið að því að framkvæmdir hæfust í haust og unnið yrði fyrir styrk frá Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Sökum tafa á samþykki</p>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p>Forsætisráðuneytis og kærur á útgáfu framkvæmdaleyfis hefur verkefnið ekki farið af stað. Sveitarfélagið vinnur að því að svara kærinni til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála en ljóst er að ekkert verður af framkvæmdum í ár. Samtal er framundan við Umhverfisstofnun um að taka við sem framkvæmdaraðili. Það flækir málin einnig að ekki hefur tekist að finna vinnanlegt grjót í nægilegu magni fyrir rofvarnir en sú vinna var sett í bið á meðan beðið er úrskurðar varðandi framkvæmdaleyfið.</p>	
3	<p><b>Framkvæmdaáætlun</b></p> <p>Daníel fer yfir áætlun framkvæmda eins og hún lítur út núna.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Óvissa ríkir um stækkun bílastæðis við Námskvísl, þ.e.a.s. hvenær það hefjist. Samtal framundan milli UST og sveitarfélagsins um að UST taki alfarið við því verkefni.</li> <li>Fræðslu og upplýsingaskilti fyrir sjö staði við friðlandsmörk og innan friðlandsins voru tilbúin úr hönnun í ágúst og því tókst ekki að setja þau upp í sumar.</li> <li>Fallið var frá því að setja upp nokkra vegpresta í sumar. Í staðinn var ákveðið að skoða þörfina á vegvísunum fyrir friðlandið í heild sinni. Alls er þörf á 30-40 vegvísunum í friðlandinu öllu á bæði göngu- og reiðleiðum. Sótt hefur verið um fjármagn í það verkefn. Vegvísunum verður forgangsraðað og unnið í að setja þá upp á næstu árum.</li> <li>UST hefur sótt um fjármagn í að klára uppbyggingu Laugahringsins og stefnt að vinna að þeim áfanga sumar 2024. Sama á við um gerð bílastæðis við Halldórsgil.</li> <li>Unnið verður í hönnun lágstemmdra aðkomusvæða við friðlandsmörk veturinn 2023-24. Sérstaklega hugað að Bjallavaði en einnig skoðað möguleikar á að hanna aðkomusvæði við Dómadalsleið.</li> <li>Vinna þarf í lagfæringum á jarðvegsskemmdum á nokkrum leiðum innan friðlandsins næsta sumar.</li> <li>Stefnt að því að vinna að lagfæringum og uppbyggingu gönguleiða við Vondugiljaaura og upp Brennisteinsöldu 2025.</li> </ul>	
4	<p><b>Fjöldatakmarkanir í Landmannalaugum</b></p> <p>Daníel fer yfir talningar frá sumrinu og liðnum árum. Sumarið í ár var metsumar og reglulega komu yfir 400 bílar á dag. Svæðið ber ekki þessa miklu bílaumferð og daglega skapast mikil vandræði á bílastæðum. Sökum þrengsla eiga rútur mjög erfitt með að komast inn í Landmannalaugar og reglulega brotna speglar af bílum eða þeir verða fyrir tjóni þegar rútur rekast utan í þá. Gestir neyðast einnig alltof oft til að aka yfir Námskvísl og Laugalækinn þar</p>	UST

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p>sem engin bílastæði er að finna norðan við árnar. Þetta veldur því að bílar lenda í vandræðum í vöðunum og drukkna þar margir bílar í hverri viku. Áform um stækkað bílastæði gera ekki ráð fyrir fjölgun bílastæða að neinu ráði, heldur snýr stækunin aðallega að því að bæta skipulag og koma fyrir rúrustæðum. Ljóst að núverandi ástand gengur ekki til frambúðar.</p> <p>Allir fundarmenn sammála um að skoða þurfi fjöldatakmarkanir í Landmannalaugum. Nefndin felur Umhverfisstofnun að skoða málið frekar og meta þær leiðir sem í boði eru.</p>	